

— *Brjef landshöfðingja til hjeradslæknisins í 9. læknishjeradi um laun setts* **142**
 hjeradslæknis. — Í tilefni af fyrirspurn herra hjeradslæknisins í þóknanlegu ^{23. sept.}
 brjefi frá 18. júlí þ. á. um það, hvort yður hafi ekki borið, sem rjettilegum hjeradslækni
 í 9. læknishjeradi, er þjer 15. apríl þ. á. fenguð allramildustu veitingu fyrir, öll
 laun þau, sem þessu embætti fylgja, fyrir maímánuð s. á., þar sem þjer þó ekki komuð
 í hjeradið fyr en í lok nefnds mánaðar, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að
 hverjum embættismanni bera að vísu laun frá 1. degi þess mánaðar, sem næst byrjar,
 eptir að hann hefir verið skipaður í embættið, en að sú skuldbinding liggur honum
 jafnframt á herðum, að hann frá sama tíma takist á hendur að gegna embættinu. Geti
 hann ekki gjört það, eins og átti sjer stað með yður, herra hjeradslæknir, sem komuð
 fyrst út hingað með póstgufuskipinu Díönu síðustu dagana af maímánuði þ. á., ber honum
 að greiða allan þann kostnað, sem leiðir af því, að gegna embætti hans, meðan hann
 er fjærverandi. Eins og yður er kunnugt, var hjeradslæknirinn í 8. læknishjeradi sett-
 ur til þess upp á eigin ábyrgð að gegna 9. læknishjeradsembættinu, meðan það var ó-
 veitt, í móti því, samkvæmt hinum almennu launalögum frá 15. október 1875 4. grein,
 að njóta hálfra þeirra launa, sem fylgdu þessu embætti, meðan hann væri þar settur, þ.
 e. þangað til að þjer höfðuð sjálfir tekið að yður þjónustu embættisins. Hin hálfu
 laun fyrir maímánuð eru þannig rjettilega útborguð hinum setta hjeradslækni, og þjer
 eigið ekki heimting á launum fyr en frá þeim degi, sem þjer í raun og veru fóruð að
 gegna hjeradslæknisembættinu, nema þjer hefðuð öðru vísi um samið við hinn setta lækni.

Þar eð þjer hafið ekki í brjefi yðar tilnefnt, hvaða dag þjer hafið sjálfir farið
 að gegna hinu áminnzta embætti, er hjer engin ástæða til að gjöra neina ákvörðun
 um skiptinguna á hinum umræddu hálfu launum fyrir maímánuð, en ef enginn annar
 samningur hefir verið gjörður milli yðar og hins setta hjeradslæknis, getur ekkert verið
 því til fyrirstöðu, að skipta laununum tiltölulega milli ykkar, eptir því sem hvor ykkar
 hefir gegnt embættinu, og í því tilliti er ekkert undir því komið, hvort hinn setti lækn-
 ir hefir verið sóttur nokkurn tíma eða aldrei af hjeradsbúum á hinu áminnzta tímabili,
 þar nefnd borgun, samkvæmt launalögum, hefir verið honum veitt fyrir það að gegna
 öllum þeim störfum, sem sameinuð eru hjeradslæknisembætti þessu, án tillits til þess,
 hvort þau hafi komið fyrir optar eða sjaldnar á einhverjum kafla þess tímabils, sem
 hann var settur.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **143**
 sveitarstyrk. — Með úrskurði 9. nóvember 1877, er hreppsnefndin í Mosfells- ^{25. sept.}
 hreppi hefir áfrýjað hingað, mæltuð þjer, herra amtmaður, svo fyrir, að tjeðum hreppi
 bæri að endurgjalda Hraungerðishreppi útfararkostnað Þórunnar nokkurrar Þórðardóttur,
 sem dó í Hraungerðishreppi vorið 1874 og meðlag með henni 2 síðustu ár, er hún
 lifði. Úrskurður þessi er byggður á því, að Þórunn þessi hafi dvalið 13 ár í Mosfells-
 sveit, eða frá 1851 til 1864, og að það ekki geti komið til greina, að krafa hafi
 árið 1860 komið fram af hendi Mosfellsahrepps gagnvart fœðingarhreppi Þórunnar, Dyr-
 hólahreppi, um endurgjald á sveitarstyrk með Þórunni árin 1859 og 1860, þar sem það
 sjáist af skjölum málsins, að styrkur þessi hafi hvorki verið greiddur af Dyrhólahreppi
 nje til bráðabirgða lagður hlutaðeigandi af Mosfellsahreppi.

Með því að ýms atriði í þessu máli virtust benda á, að Hraungerðishreppur
 hefði viðhaft í þessu máli hina sömu aðferð og Mosfellsuveit, mæltist jeg til þess, að

Hinn 6. nóvember 1879.

143 Þjer útveguðuð ítarlegar skýringar í málinu, og hefi jeg síðan meðtekið eptirrit eptir prófi, er haldið hefir verið í Árnessýslu, og þar sem húsbóndi hinnar látnu hefir gefið ítarlegri skýrslu í málinu, og þar að auki eptirrit eptir brjefi hreppstjórnanna í Dyrhólahreppi 26. desbr. 1862, þar sem þeir að áskildum frekari skýrslum í málinu játa Þórunni sveitlæga þar, og krefjast, að hún flytjist til Dyrhólahrepps svo fljótt sem verður. Þessi flutningur komst nú ekki á. Húsbóndi Þórunnar hinn sami, sem hún dó hjá, kaus heldur að flytja hana með sjer austur, og þegar hann síðan á árinu 1872 aptur gjörði tilkall til meðlags með henni, fylgdi hann heldur ekki þessari kröfu fram og sjest það af hinu nýja prófi í málinu, að Hraungerðishreppur hefir enn ekkert goldið, hvorki af meðlagi því, sem hreppur þessi samt nú heimtar sjer endurgoldið nje af útfararkostnaðinum. Hraungerðishreppur virðist ekki hafa gjört annað en Mosfellshreppur gjörði á sínum tíma, sem sje skrifa sýslumanni um að heimta meðlagið inn hjá hlutaðeigandi framfærsluveit, en að öðru leyti mun hreppurinn ekki hafa skipt sjer meira af ómaganum, og mun Þórunn ekki hafa verið sett niður með öðrum hreppsómögum, og húsbóndi hennar mun eptir sem áður einn hafa sjeð um hana, og þegar hún dó, ráðstafað útför hennar og kostað hana að öllu leyti. Þegar svo er ástatt, virðist það mjög vafasamt, hvort það verði sagt með sanni, að Þórunn Þórðardóttir hafi það styrk af sveitarfje fremur í Hraungerðishreppi en í Mosfellshreppi. Húsbóndi hennar, sem kaus heldur að halda Þórunni hjá sjer, þegar spurning var um að flytja hana austur á fœðingarhrepp sinn vorið 1862, og þá ekki fylgdi fram kröfu sinni um styrk handa henni frá Mosfellshreppi, virðist á sama hátt að hafa sleppt kröfu sinni til meðlags af Hraungerðishreppi, þar sem hann hjelt öllum umráðum yfir hinni framliðnu til dauðadags hennar, og þar eð Hraungerðishreppur hefir ekki lagt neitt út fyrir tjeðan ómaga, verður sem stendur ekki umtalsmál, að úrskurða honum neitt endurgjald á slíkum kostnaði.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

144 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að víkja presti frá embætti. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, jafnframt því að skýra frá því, að þjer hafið vikið sira Sigurgeir Jakobssyni frá embætti hans um hríð, sem presti til Möðruvalla og Grundarsókna í Eyjafjarðarsýslu fyrir sakir drykkjuskapar hans og óreglu í embættisgæzlu sinni, sem og boðið að hefja rjettarrannsókn gegn honum fyrir prófastsrjetti — spurzt fyrir um það, hvort 4. grein auglýsingar frá 22. febr. 1875, er ákveður, að ráðgjafinn fyrir Ísland eigi að skera úr því, hvort höfða skuli mál í móti embættismanni, sem landshöfðingi hefði vikið frá embætti um stundarsakir, eigi einnig við, þegar svo er ástatt sem í þessu máli, þar sem hlutaðeigandi embættismaður er ekki skipaður af konungi, heldur af landshöfðingja.

Af þessu tilefni vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því orðatiltæki þau, sem höfð eru í ofanefndri ákvörðun, eru í alla staði almenn, og ástœður þær, sem hafa gefið tilefni til þeirra, einnig eiga sjer stað með tilliti til embættismanna, sem hin innlenda stjórn hefir skipað, hlýt jeg að kveða já við spurningu þessari.

145 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til jarðabóta á prestssetri. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 29. f. m.